

Kæru ráðstefnugestir

Það var í gærkvöldi þegar ég kom kotið hennar Huldu vinkonu minnar hér í Stykkishólmi og sest með hvítvínsglasið í sófann og við farnar að spjalla sem ég áttaði mig. Ég las fyrir hana yfirskrift ráðstefnunnar „Byggðapróun og umhverfismál, hvernig getur blómleg byggð og náttúruvernd farið saman? „ og ég gerði mér ljóst að erindið sem ég var búin að eyða ómældum tíma í að semja, gera glærukynningu og safna myndum og línuritum var fullkomlega á skjön við það sem ég í raun vildi segja. Dramatíska og öskureiða ávarpinu sem ég hafði skýrt „Vestfirðingurinn, sætastur á sauðskinsskóm“ var kastað fyrir róða því mér varð skyndilega ljóst að þetta getur svo vel farið saman, það verður að fara saman og það er á okkar allra ábyrgð að það fari saman.

Blómleg byggð er að mínu mati samfélag þar sem allir hafa nóg að bíta og brenna, úrval menningarviðburða, umhyggjusamt samfélag fyrir þeim elstu og yngstu, metnaðarfullt skólastarf og fjölbreytt atvinnulíf. Nútímasamfélag þarf góðar samgöngur, þar með talið gott netsamband.

Og hvað felst í náttúruvernd, er það endurheimt veraldar sem var eða dugar okkur að halda í horfinu og forðast eftir því sem kostur er að valda óafturkræfum breytingum á náttúrunni. Okkar lífsfreka nútímatilvera hefur tekið sinn toll og við þurfum hvert og eitt okkar að bera ábyrgð á okkar hlut, breyta lífstíl okkar þannig að við völdum sem minnstum skaða á umhverfinu.

Það getur verið snúið að láta þetta tvennt fara saman, blómlega byggð og náttúruvernd. Ljósasta dæmið er vegargerð um Gufudalssveit. Það er augljóst hverjum sem það vill sjá að núverandi ástand er óviðunandi, vegurinn er ákaflega hættulegur og hefur valdið miklu tjóni og í reiðu kynningunni minni voru myndir af flutningabílum föstum í drullu eða á hvolfi utan vegar og farmurinn út um víðan völl. En það þarf enga reiðilestur um þetta, vegurinn er ónýtur og það vita það allir, þess vegna hafa verið settar fram nokkrar tillögur um vegstæði fyrir nýjan veg og allar tillögurnar uppfylla umferðaröryggiskröfur og taldar hafa verulega jákvæð áhrif á samgöngur og umferðaröryggi. Og er þá ekki málið leyst? Nei, þetta er ekki svo einfalt, Skipulagsstofnun metur þessi vegstæði svona:

- **Leið A1** hefur verulega neikvæð áhrif á 20 hektara af votlendi sem nýtur verndar skv. 61. grein Náttúruverndarlaga og leirur á svæðinu njóta líka verndar samkvæmt sömu grein. Leiðin truflar æðarvarp, raskar fornleifum varanlega og hefur verulega neikvæð áhrif á landslag.
- **Leið D2** hefur minnst áhrif á leirur og fornleifar.
- **Leið H1** truflar arnarvarp og raskar fornleifum varanlega. Það er óvissa um áhrif á álfir og rauðbrysting sem nýtur alþjóðlegrar verndar. Búsvæði marhálms skerðast en það er bannað samkvæmt OSPAR samningi og leiðin hefur verulega neikvæð áhrif á landslag.
- **Leið I** hefur verulega neikvæð áhrif á 20 hektara af votlendi sem nýtur verndar samkvæmt 61. grein Náttúruverndarlaga. Það er óvissa um áhrif á álfir og rauðbrysting sem nýtur alþjóðlegrar verndar. Búsvæði marhálms skerðast en það er bannað samkvæmt OSPAR samningi og leiðin hefur verulega neikvæð áhrif á landslag. Leiðin truflar æðarvarp og raskar fornleifum varanlega.
- **Leið Þ-H** hefur óafturkræf áhrif á Teigskóg sem fellur undir verndarákvæði 61. greinar náttúruverndar laga. Það er óvissa um áhrif á álfir og rauðbrysting sem nýtur alþjóðlegrar verndar. Búsvæði marhálms skerðast en það er bannað samkvæmt OSPAR samningi, leiðin truflar arnarvarp, hefur verulega neikvæð áhrif á landslag og raskar fornleifum varanlega.

Allar veglínur hafa neikvæð áhrif á náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum.

Glöggir hlustendur hafa hugsanlega spottað leið D2 sem leiðina með minnst neikvæð áhrif, jú, en á henni eru nokkur jarðgöng og það er dýrt. Og svo ég noti samlíkingu nýs formanns Sambands Íslenskra sveitarfélaga „það þarf að fara saman hljóð og mynd“. Við viljum vernda náttúruna en ekki sama hvað það kostar, það er einfaldlega þannig. Og pattstaðan er sú að það er alveg sama hvað vegstæði er valið, löggjöfin okkar um náttúruvernd virðist koma í veg fyrir vegbætur til okkar á suðurfjörðum Vestfjarða og kemur þar með í veg fyrir að okkar blómlega byggð geti dafnað. Hvað getum við gert í því?

Hvað varðar okkar nýju og spennandi atvinnugrein, fiskeldi, held ég að við séum nú á leið í vitrænni umræðu um kosti og galla og hvað þarf að varast. Nú þarf að setjast niður og ljúka allri lagagerð um þessa atvinnugrein sem tryggir lágmarksáhrif á náttúruna en um leið ásættanlegt rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Kvíar í sjó eru ekki byggingar sem valda skemmdum og með svæðiskiptu eldi og hvíld milli svæða má koma í veg fyrir uppsöfnun úrgangs.

Fiskeldi er matvælaframleiðsla og sjórinn er akur okkar og auðlind, hana viljum við nýta á sjálfbæran hátt.

Til að fá rekstrar og starfsleyfi fyrir sjókvíaelði þarf að fara í gegnum nálarauga þriggja stofnana, Skipulagsstofnunar, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar og að lokum blessun frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Þessi leið virðist virka, það er að segja frá sjónarhóli náttúrunnar. Í úrskurði nefndarinnar í byrjun október er einungis bent á smávægilegan annmarka í umhverfismati, annmarka sem sumir telja þó vera engan annmarka, frekar svona almenn skynsemi. Og hvað sem segja má um meðalhóf og verstu mögulegu refsingu fyrir þennan meinta annmarka er ekki hjá því litið að nefndin afturkallaði ekki leyfi fyrirtækjanna vegna yfirvofandi náttúruvár.

Og þrátt fyrir að stjórnvöld hafi með snarræði náð að afstýra algjöru hruni á suðurfjörðum Vestfjarða og í framhaldinu væntanlega hruni í þessari atvinnugrein á Austfjörðum er talsverður skaði skeður. Arctic fish hefur aflýst öllum framkvæmdum sem áætlaðar voru á næsta ári og er það talsvert högg fyrir flest þjónustufyrirtæki á svæðinu. Það sem er þó verra er að það mun taka langan tíma að byggja aftur upp traust, að íbúar þori að fjárfesta í íbúðum, þori að flytja vestur til að byggja upp líf fjölskyldu sinnar fyrir vestan.

Það er von mín að erlendir fjárfestar séu jafnvelkomnir á Vestfirði eins og annarsstaðar, við þurfum líka á þeim að halda þar. Sömuleiðis er rétt að halda því til haga að Norðmenn eru ekki að draga saman fiskeldi hjá sér, þvert á móti. Firðir í Noregi eru ekki dauðir og líflausir, þar hefur reyndar

stórlaxi farið mjög fjölgandi meðan þeim hefur fækkað umtalsvert í íslenskum ám, líklega vegna ofveiði. Myndir af dýraníði er ekki heimild um hefðbundinn landbúnað, óhófleg eiturefnanotkun er ekki dauðadómur yfir allri garðyrkju og 30 ára gömul mistök í fiskeldi segja ekkert um nútíma fiskeldi. Tökum vísindalega umræðu um þessa matvælaframleiðslu, ekki öfgaumræðu sem er jafn vitræn og ef Gylfi Ægisson væri fenginn til að lýsa viðhorfum Íslendinga til samkynhneigðar.

Vestfirðingar eru að mörgu leyti skrítnar skrúfur, upp til hópa ákaflega lífsglatt og skemmtilegt fólk og úrræðagott. Með samfélagsbreytingum sem voru afleiðingar kvótakerfisins hefur Vestfirðingum fækkað, ekki af því þeir vildu fara frá sínum heimahögum heldur varð að sækja atvinnu annað, þessi þróun gekk mjög nærri svæðinu og sumar byggðir eru í raunverulegri hættu að leggjast í eyði.

Fiskeldi er umhverfisvæn matvælaframleiðsla sem getur aðstoðað okkur við að rétta aftur úr kútnum á kjálkanum og ná fyrri styrk, byggja upp blómlegt samfélag sem hefur burði til að þróast til framtíðar.

Kærar þakkir fyrir að fá að ávarpa ráðstefnuna og gangi okkur vel að tvinna saman náttúruvernd og blómalega byggð í okkar fallega landi.